

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfoss

Reykjavík, 24. nóvember 2022  
UST202112-227/S.R.B.  
08.04

### **Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi – Benchmark Genetics Iceland hf., Kalmanstjörn**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Benchmark Genetics Iceland hf. vegna starfsleyfis til landeldis að Kalmanstjörn, Nesvegi 50, á Reykjanesi.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir eldi á laxfiskum þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 600 tonn.

Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 24. nóvember 2038.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

Skúli Þórðarson  
*sviðsstjóri*